

LISTASUMARÁ AKUREYRI 2012

Skilmálar fyrir þátttakendur á Listasumri á Akureyri 2012

Umsóknir um myndlistarsýningar

Listasumar leggur til ókeypis afnot af Ketilhúsinu og eða Deigluinni fyrir myndlistasýningar á Listasumri. Starfsmenn eru til staðar og geta aðstoðað við uppsetningu, en eru ekki sérfræðingar á því sviði. Listamanninum stendur til boða aðstoð starfsfólks Listasumars við uppsetningu sýningarinnar, en ber sjálfur listræna ábyrgð á uppsetningunni. Listasumar útvegar starfsmenn til yfirsetu á meðan á sýningunni stendur. Listasumar býður upp á óáfenga drykki á sýningaropnun, en listamönnum er frjálst að bjóða uppá hvað sem þeim þóknast og munu starfsmenn Listasumars aðstoða við að framreiða veitingarnar.

Listasumar mun **ekki** inna af hendi neinar beinar greiðslur til myndlistarmanna. Listasumar tekur ekki prósentur af sölu listaverka. Starfsfólk Listasumars situr yfir á sýningum, eins og áður segir sé þess óskað, en tekur ekki að sér sölu á verkum á sýningunni.

Myndlistarmaðurinn skuldbindur sig til að flytja verk sín til og frá sýningarstað á eigin kostnað. Einnig skuldbindur hann sig til að sjá sjálfur um uppsetningu sýningar sinnar og taka hana niður að síðasta sýningardegi loknum. Sýningartíminn er tvær vikur og þrjár helgar. Opnanir eru á laugardögum. Listamaðurinn hefur tvo daga til að setja sýninguna upp og einn dag til að taka hana niður.

Listasumar greiðir ekki fyrir sendingarkostnað né tryggingar á myndverkum listamanna.

Umsóknir um aðrar listgreinar

Aðrar listgreinar á sviði sjónlista, geta tekið mið af áður nefndum skilmálum, en þó þarf að ræða um það sérstaklega við aðstandendur Listasumars miðað við umfang þeirra.

Kynningar á vegum Listasumars

Listasumar sér um að kynna alla viðburðina í sérstökum bæklingi sem gefin er út um dagskrá Listasumars á íslensku og ensku. Þá heldur Listasumar úti vefsíðu og sér um að kynna viðburðina þar, sem og á vefsíðum samstarfsaðila og annarra. Einnig sér Listasumar um auglýsingar sem vísa á heildardagskrá Listasumars á vefsíðu eða í bæklingi.

Sérhönnuð veggspjöld úr prentsmiðju og eða auglýsingar fyrir einstaka viðburði sér Listasumar **ekki** um, en starfsfólk Listasumars getur á ódýran máta sett saman einfalt veggspjald sem prentað er út á skrifstofunni. Veggspjöldum er dreift á Akureyri af starfsfólki Listasumars á hverjum þriðjudegi meðan á hátíðinni stendur.

Listasumar tekur að sér að senda út fréttatilkynningar fyrir einstaka viðburði til fjölmiðla, sem **NB** listamenn sjá sjálfir um að semja. Senda þarf fréttatilkynningar og myndefni í tölvutæku formi til skrifstofu Listasumars eigi síðar en 10 dögum fyrir

sýningaropnun. Þá skulu listamenn sjálfir sjá um eftirfylgni við fjölmiðla eftir að fréttatilkynningar hafa verið sendar út.

Listamenn sjá sjálfir um uppsetningu á sýningaskrá. Hægt er að fá að ljósrita sýningarskrána (ath. í svart/hvítu) á skrifstofu Listasumars þegar hún er tilbúin fyrir opnun sýningarinnar.

ATHUGIÐ! Vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstrarfyrirkomulagi, þar sem Listasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöðin í Listagili (sem hefur séð um framkvæmd Listasumars) munu sameinast í eina stofnun um næstu áramót, er viðbúið að einhverjar breytingar geti orðið á fyrirkomulaginu. Það mun þá verða kynnt sérstaklega á opinberum vettvangi og umskjendur sem þegar hafa skilað inn umsóknum verða látnir vita.

Vakni einhverjar spurningar, hafið þá endilega samband við skrifstofu Listasumars í síma 466-2609.